

6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel með görn.

7—12 kr.	2 412.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	2 109.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—30 —	1 721.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
30—45 —	1 345.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
45—60 —	1 056.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
60 og yfir	—	754.00	pr. lb. Cif. U. S. A.

5×3 kg. í skel með görn.

45—60 kr. 1 056.00 pr. lb. Cif. Milano.

6×5 lbs. í skel með görn.

7— 9 kr.	3 365.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12 —	3 229.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	2 960.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18 —	2 691.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24 —	2 422.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Arnarstapahöfn í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu.

I. KAFLI.**Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Arnarstapahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Flögotá í stefnu á Búðartanga að sunnan, en að austan af beinni línu, sem hugsast dregin úr Látrar-snoppu í stefnu á Gölt, þar til hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI.**Stjórn hafnarinnar og rekstur.****2. gr.**

Hreppsnefnd Breiðuvíkurbrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 fulltrúum og 2 varafulltrúum, sem kosnir eru af hreppsnefnd. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil hafnarnefndar er 4 ár.

Hafnarvörður, eða sá, sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarnefnd sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil hafnarinnar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eða umsjónarmann og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón, annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

III. KAFLI.

Um almenna reglu á höfninni og hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu, affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skyllt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða (Sjá 24. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fisk, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til. Ekki má láta olíur, eða vatn mengað olíu, renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða þilfar skipsins.

IV. KAFLI.

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið. Leggist skipið við

hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar þar, sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sóttþætta geti stafað af því ber hafnarverði að sjá um, að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvort þau skulu flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið, að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja fárm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannaust á höfninni skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannverkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta fjarlægja skipið á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt úr skipi eða á skip, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá, hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa svo tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en eigandi skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI.

Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það að líta eftir, hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó að það sé mannlaust, sé það svo þétt að álitni hafnarnefndar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda að ekki stafi af því nein hættu. Á þessum skipum skal tendra ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðarreglum um skip, er liggja fyrir akkeri. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi, og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarvörður sé samþykktur útnefningu umsjónarmannsins.

Hafnarnefnd getur krafist þess, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, ef færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snerla.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um, að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI.

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, bensín, acetón, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomet eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsíglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum "B" að degi til, en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsíglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI.

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem hafnarstjórn semur í samræmi við 26. gr. hafnalaga nr. 45/1973, og samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Arnarstapahöfn nr. 183 15. september 1943.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af deiliskipulagi af Hvammahverfi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. júlí 1979 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi af Hvammahverfi í Hafnarfirði með fyrirvara um nánari útfærslu á fjölbýlishúsasvæðinu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið 16. júlí 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219/1976 um gatnagerðargjöld fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist þannig:

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum og skulu eftirstöðvar bera vexti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar við hverja álagningu.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.